

Aðalfundur Festi hf.**5. mars 2025**

Miðvikudaginn 5. mars 2025 kl. 10:00 árdegis var haldinn aðalfundur Festi hf., kt. 540206-2010, að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Guðjón Reynisson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gerði Guðjón svo að tillögu sinni að Guðmundi Ingva Sigurðssyni, lögmanni, yrði falin fundarstjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Gerði hann að tillögu sinni að Sölva Davíðssyni, lögmanni, yrði falin fundarritun. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í fundarboði sem birt hafi verið í kauphallarkerfi þann 10. febrúar 2025. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans. Lýsti fundarstjóri því að enginn vafi væri því um lögmati fundarins.

Fundarstjóri upplýsti að hlutaskrá félagsins lægi fyrir fundinum og að samkvæmt henni væri mætt fyrir 48 hluthafa sem hefðu að baki sér 75,2% hlutfjár félagsins, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Guðjón Reynisson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar um rekstur félagsins á liðnu ári.

Stjórnarformaður hóf mál sitt á að fara yfir að rekstur félagsins hefði gengið vel á árinu og að félagið hefði skilað góðum vexti og bættri afkomu. Hafi skýr markmið og áherslur í rekstrinum skilað sér í betri niðurstöðum en stjórnendur hefðu áætlað í upphafi árs þrátt fyrir áframhald á háu vaxtastigi og verðbólgu. Hafi aukinna umsvifa gætt hjá öllum rekstrarfélögum samstæðunnar sem skýrt hafi betri EBITDA-afkomu, sérstaklega í dagvöru- og eldsneytishluta samstæðunnar. Þannig hafi magnaukning orðið í fjölda viðskipta og fjölda seldra vara. Þá hafi Lyfja komið inn í samstæðu félagsins frá og með 1. júlí 2024 og samruninn gengið samkvæmt því sem áætlað hafi verið.

Því næst gerði stjórnarformaður grein fyrir lykilþáttum í starfsemi Elko, Krónunnar, Lyfju og N1 á árinu 2024 og að félögin væru í sókn hvert á sínum markaði. Þá var farið að stoðir hafi verið styrktar enn frekar undir starfsemi móðurfélagsins, Festi, sem og Yrkis eigna og Bakkans vöruhóts sem önnuðust daglega þjónustu gagnvart rekstrarfélögum samstæðunnar.

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framgangi í lykilverkefnum ársins. Var í því samhengi farið yfir að kaup Festi á öllu hlutfé Lyfju hefðu verið kláruð í júlímánuði 2024, að samruninn hafi gengið samkvæmt áætlun og að samlegðaráhrifa væri farið að gæta á mörgum sviðum starfseminnar. Jafnframt því hafi söluferli á 60% eignarhlut Festi í Olíudreifingu verið hafið í september 2024 og að þremur aðilum hafi verið boðið að fara áfram í næsta fasa söluferlisins sem nú stæði yfir. Þá hafi kaupréttarkerfum verið komið á laggirnar innan samstæðunnar samkvæmt samþykkt aðalfundar 2024. Hafi mikill áhugi reynst á meðal starfsfólks samstæðunnar fyrir því og þátttaka verið góð. Gerði stjórnarformaður í því samhengi grein fyrir stöðu úthlutaðara kaupréttar miðað við árslok 2024 samkvæmt kaupréttarkerfunum.

Því næst fór stjórnarformaður yfir viðmið sem lögð hafi verið til grundvallar kaupaukum til framkvæmdastjóra vegna rekstrarársins 2024 samkvæmt starfskjarastefnu. Fór formaður nánar yfir hvernig framkvæmdinni hafi verið háttað og hvernig viðmið hafi verið uppfyllt. Þá var stuttlega farið

yfir þau kaupukaviðmið sem stjórn hafi samþykkt að leggja til grundvallar, innan heimilda starfskjarastefnu, fyrir rekstrarárið 2025.

Formaður gerði grein fyrir sátt sem félagið gerði við Samkeppniseftirlitið í nóvember 2024 og þann lærdóm sem félagið hafi dregið af málinu. Jafnframt því var farið yfir breytingar sem átt höfðu sér stað innan framkvæmdastjórnar félagsins á árinu 2024 sem og skipan og vinnu undirnefnda stjórnar á árinu sem gengið hafi vel. Þá þakkaði formaður Margréti Guðmundsdóttur, fráfarandi stjórnarmanni, sérstaklega fyrir góð og mikil störf í þágu félagsins á liðnum árum.

Að endingu fór stjórnarformaður yfir að árangur héldist í hendur við ánægju viðskiptavina og starfsfólks. Var í því samhengi farið yfir þróun EBITDA frá árinu 2020 sem sýndi stöðugan vöxt félagsins. Jafnframt því hafi félög samstæðunnar hlotið fjölmörg verðlaun sem sýndu fram á ánægju viðskiptavina, sterka fyrirtækjamenningu og almenna starfsánægju. Lýsti formaður því að hluthafar mættu vera stoltir af félaginu og starfsfólki þess. Þá þakkaði formaður tryggum viðskiptavinum samstæðunnar sem og nýjum fyrir samfylgdina áður en hann lauk máli sínu.

Fundarstjóri þakkaði Guðjóni fyrir og lagði til að mælendaskrá yrði ekki opnuð fyrr en að loknum öðrum dagskrárlið. Var ekki gerð athugasemd við það.

2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.

Fundarstjóri gaf Ástu S. Fjeldsted, forstjóra félagsins, orðið.

Forstjóri lýsti því í upphafi að það væri heiður að standa frammi fyrir hlutöfum félagsins og fara yfir árið 2024, vöxt félagsins og vegferð til framtíðar. Var farið yfir að Festi væri eignarhaldsfélag fyrirtækja sem öll gegndu mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi með sölu á dagvörum, lyfjum, heilsuvörum, eldsneyti, raforku og raftækjum. Fasteigna- og vöruhúsarekstur væri einnig mikilvægur hluti af starfsemi samstæðunnar. Saman mynduðu félög samstæðunnar sterka stoð í samfélaginu.

Forstjóri fór yfir rekstur samstæðunnar 2024. Fór forstjóri yfir að tekjur af vöru- og þjónustusölu hefðu aukist um 18,2 ma. kr. eða 13,4% á milli ára. Hafi framlegð af vörusölu numið um 36,7 ma. kr. og aukningin numið 19,7% á milli ára. Lýsti forstjóri því að áframhaldandi áhersla hefði verið lögð á framlegðarstig félagsins sem numið hafi 23,8% og hækkað um 1,3 % milli ára. Var einnig farið yfir að launa- og starfsmannakostnaður hafi numið 18.4 millj. kr. sem hafi verið 19,1% hækkan á milli ára. Hafi stöðugildi verið alls 1.533 og þeim fjölgað um 13,4% á milli ára. Þá hafi EBITDA hækkað um 13,6% á milli ára og hagnaður numið 4,0 ma. kr. Þá hafi hagnaður á hlut numið 13,13 krónum og arðsemi eigin fjár verið 10,5%.

Forstjóri fór því næst yfir starfspáttayfirlit samstæðunnar í lok árs 2024 sem og efnahagsreikning miðað við sama tímamark. Lýsti forstjóri því að efnahagur félagsins væri traustur en heildareignir í árslok hafi numið 114.835 millj. kr. Rekstrarfjármunir hafi hækkað um 5,4 ma. kr. Handbært fé hafi numið 4,1 ma. kr. í lok árs sem væri 713 millj. kr. hækkan frá áramótum. Gerði forstjóri grein fyrir því að eiginfjárlutfall félagsins hafi verið 37,9% í lok árs. Þá lýsti forstjóri því að fjármagnsskipan samstæðunnar væri í takt við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.

Forstjóri gerði því næst grein fyrir sjóðstreymi samstæðunnar miðað við árslok 2024. Lýsti forstjóri því að handbært fé frá rekstri hafi numið 9.053 millj. kr. og lækkað um 361 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar hafi numið 4.642 millj. kr. á árinu sem hafi verið aukning um 627 millj. kr. á milli ára.

Um stöðu og horfur fyrir árið 2025 vísaði forstjóri til þess að EBITDA spá félagsins fyrir árið næmi 14.400 – 14.800 millj. kr. og að CAPEX spá næmi 4.800 – 5.200 millj. kr. Um helstu forsendur og áhættur í því sambandi vísaði forstjóri til áhrifa stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild, stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara, hárrar verðbólgu, gengi íslensku krónunnar og óvissu um fjölda ferðamanna til Íslands og þróun alþjóðamála.

Forstjóri vék því næst að því að metnaðarfull verkefni væru framundan innan samstæðunnar. Var í því samhengi farið yfir aukna samlegð í tengslum við samruna Festi og Lyfju, þróunar- og uppbyggingarverkefni, nýjar lausnir í stafrænni þróun og fjártækni sem og sölumeðferð á eignarhlutum félagsins í Olíudreifingu.

Því næst vék forstjóri að þeim tækifærum og áskorunum sem væru til staðar á völdum mörkuðum. Var um það efni annars vegar farið yfir þau tækifæri sem væri á apótekamarkaði og fælust í því að létta á með heilbrigðiskerfi landsins. Væri þörfin sýnilega að aukast með hækkandi lífaldri og fjölgun landsmanna. Innan vébanda Lyfju væri að finna hámenntað heilbrigðisstarfsfólk sem væri vel í stakk búið til að veita enn frekari ráðgjöf og stuðning gagnvart viðskiptavinum og landsmönnum öllum. Hafi Lyfja nú þegar hafið vegferðina með hjúkrunarþjónustu en félagið væri einnig reiðubúið að stíga stærri skref með fjarlækningum ef nauðsynleg leyfi myndu fást. Hins vegar fór forstjóri yfir nauðsyn þess að losað yrði um eignarhald hins opinbera í smásölu á raforkumarkaði, en fjögur af níu smásölufyrirtækjum raforku væru í opinberri eigu. Í stað þess að selja áfram til tengdra sölufyrirtækja ættu raforkuframleiðendur að bjóða sína orku til sölu á markaðsverði í gegnum skipulagðan raforkumarkað. Væri þannig mikilvægt að horft yrði til aðskilnaðar á milli framleiðslu og smásölu á raforku að mati forstjóra.

Að endingu fór forstjóri yfir að félagið hefði yfir að ráða einu þéttasta sölu- og þjónustuneti landsins. Í því fælust mikil tækifæri til samnýtingar á þjónustu og sölu. Byggði félagið á sterkum grunni, reynslu og þekkingu og væri til þess fallið að taka næstu skref til aukins vaxtar.

Fundarstjóri þakkaði Ástu fyrir kynninguna og opnaði mælendaskrá um fyrstu tvo dagskrárliði fundarins.

Hluthafinn Pétur Már Halldórsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir góðar kynningar. Kvaðst hann vera einn af ánægðum viðskiptavinum félagsins jafnframt því að vera hluthafi. Lýsti Pétur Már yfir ánægju með þá vegferð sem félagið hafi verið á. Beindi hann því næst spurningum til forstjóra um áhrif Lyfju í EBITDA samstæðunnar, framtíð varðandi innri og ytri vöxt hennar sem og um áhrif Yrkis í EBTIDA spá.

Í svörum forstjóra kom fram að áhrif af sektargreiðslu hafi gætt á EBITDA framlegð félagsins á liðnu rekstrarári sem gerði allan samanburð erfiðan. Framlegð af vörusölu Lyfju ætti þá að óbreyttu að koma til hækkunar á rekstrarárinu 2025. Um ytri og innri vöxt rakti forstjóri að áherslan nú væri á þau félög sem tilheyrðu samstæðu félagsins og vistkerfi hennar. Tækifæri um ytri vöxt sem kynnu að koma fram yrðu skoðuð við réttar aðstæður og tíma. Þá var farið yfir að áhrif Yrkis á EBITDA samstæðunnar væru óveruleg enda væri útleiga félagsins um 88% innan samstæðu.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir fyrstu tveimur dagskrárliðum fundarins.

3. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.

Fundarstjóri bar ársreikning móðurfélagsins og samstæðureikning félagsins undir atkvæði fundarmanna og gerði grein fyrir að stjórn legði til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir lægju fyrir fundinum. Árs- og samstæðureikningur félagsins voru samþykktur samhljóða af hluthöfum.

4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2024.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að stjórn hefði lagt til að arður yrði greiddur út samkvæmt eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.401.750.000 vegna rekstrarársins 2024 eða kr. 4,5 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verði greiddur til hluthafa þann 9. apríl 2025. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 4. mars 2025 og arðleysisdagur er því 5. mars 2025.

Arðsréttindadagur er 6. mars 2025, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Nasdaq CSD í lok dags 6. mars 2025. “

Mælendaskrá var opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillaga stjórnar um arðgreiðslu var samþykkt samhljóða.

5. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur

5.a. Skýrsla tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gaf Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur, formanni tilnefningarnefndar, orðið til að kynna skýrslu tilnefningarnefndar sem birt var opinberlega þann 10. febrúar sl.

Sigrún gerði grein fyrir skipan nefndarinnar, starfi hennar á starfsárinu og fyrirbyggjandi skýrslu til aðalfundar. Var farið yfir að nefndin væri ráðgefandi fyrir hluthafa í tillögugerð að stjórn. Bæri nefndinni að hafa hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi. Væri markmiðið að tryggja gagnsætt og faglegt ferli við tilnefningu stjórnarmanna og styðja við upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við stjórnarkjör. Jafnframt því fór Sigrún yfir fundi sem nefndin hefði átt með hluthöfum í aðdraganda aðalfundar og við vinnslu skýrslu- og tillögugerðar fyrir fundinn. Þá gerði Sigrún grein fyrir yfirferð nefndarinnar á starfsreglum hennar og tillögur að breytingum þeirra sem lægju fyrir fundinum auk greinargerðar.

Sigrún fór yfir að til nefndarinnar hefðu borist 11 framboð, sex frá körlum og fimm frá konum. Sem fyrr hafi nefndin upplifað mikinn áhuga einstaklinga á að taka sæti í stjórn félagsins. Rakti Sigrún það ferli sem tilnefningarnefnd hafði viðhaft vegna skýrslu- og tillögugerðar til aðalfundar. Væri það tillaga nefndarinnar til aðalfundar að þeir fjórir sitjandi stjórnarmenn sem gefið hafi kost á sér til áframhaldandi setu yrðu endurkjörnir til þeirra starfa. Þá væri það tillaga nefndarinnar að annað hvort Edda Blumenstein eða Krístrún Tinna Gunnarsdóttir tækju sæti í stjórn félagsins, en nefndin gerði ekki upp á milli þeirra frambjóðenda í sinni tillögu.

Að endingu rakti Sigrún að hún hefði setið í tilnefningarnefnd félagsins í sjö ár, eða allt frá því að nefndinni hafi verið komið á laggirnar. Hafi það verið heiður að starfa á þessum vettvangi í þágu félagsins. Starfið hafi verið lærdómríkt, á köflum krefjandi en umfram allt skemmtilegt. Væri nú tímabært að aðrir tækju við keflinu. Þakkaði Sigrún að lokum stjórn, nefndarmönnum, forstjóra og öðru starfsfólki fyrir samvinnuna um leið og hún óskaði félaginu velfarnaðar.

Fundarstjóri þakkaði Sigrúnu fyrir og opnaði fyrir mælendaskrá undir dagskrárárlíðnum. Var engin sem tók til máls.

5.b. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum tilnefningarnefndar að breytingum á starfsreglum nefndarinnar.

- i. Tillaga að breytingu á d. og e. lið 2. mgr. 3. gr. starfsreglna nefndarinnar og að staflíðirnir verði eftirleiðis svohljóðandi:

„d. Mat á stærð, samsetningu og árangri stjórnar með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Nefndin skal eiga fundi með öllum stjórnarmönnum félagsins, hverjum fyrir sig, auk forstjóra þess í því skyni að afla upplýsinga um félagið, starf stjórnarinnar síðastliðið starfsár og samsetningu hennar.“

„e. Kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs sem og framboðum þeirra og annarra. Nefndin skal eigi síðar en 8-10 vikum fyrir aðalfund auglýsa eftir tilnefningum og áhuga á framboðum til stjórnar félagsins með opinberri tilkynningu í gegnum viðurkennda fréttaveitu og á heimasíðu félagsins.“
- ii. Tillaga að breytingu á 2. mgr. 5. gr. starfsreglna nefndarinnar sem verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar.“

iii. Tillaga um að ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum nefndarinnar falli á brott.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillagna tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar voru bornar í einu lagi undir atkvæði fundarmanna og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að framboðsfrestur til stjórnar hefði runnið út tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. kl. 10:00 sunnudaginn 23. febrúar 2025. Hafi framboð borist frá Eddu Blumenstein, Guðjóni Auðunssyni, Guðjóni Reynissyni, Hjörleifi Pálssyni, Krístrúnu Tinnu Gunnarsdóttur og Sigurlínu Ingvarsdóttur. Gaf fundarstjóri frambjóðendum því næst færi á að ávarpa fundinn stuttlega.

Edda Blumenstein tók fyrst til máls. Gerði hún grein fyrir fyrri störfum, menntun, reynslu og stjórnarsetu. Upplýsti Edda sérstaklega að hún hafi átt sæti í stjórn Ormsson hf. og tengdra félaga en að hún hafi þegar sagt sig frá þeim störfum og því væru engir hagsmunaaðrekstrar fyrir hendi. Þá rakti hún undirliggjandi áhuga og hvatningu að baki framboði til setu í stjórn félagsins.

Fundarstjóri þakkaði Eddu fyrir kynninguna.

Því næst tók til máls Krístrún Tinna Gunnarsdóttir. Gerði hún grein fyrir fyrri störfum, menntun, reynslu og stjórnarsetu. Þá rakti Krístrún Tinna undirliggjandi áhuga og hvatningu að baki framboði til setu í stjórn félagsins.

Fundarstjóri þakkaði Krístrúnu Tinnu fyrir kynninguna.

Aðrir frambjóðendur tóku ekki til máls.

Gengið var því næst til skriflegrar atkvæðagreiðslu við stjórnarkjör.

Að talningu lokinni upplýsti fundarstjóri um niðurstöður stjórnarkjörs sem voru svohljóðandi:

	Atkvæði	% af heild
Guðjón Reynisson	234.151.136	20,0%
Guðjón Auðunsson	234.145.436	20,0%
Sigurlína Ingvarsdóttir	232.535.411	19,9%
Hjörleifur Pálsson	227.147.912	19,4%
Edda Blumenstein	180.204.890	15,4%
Krístrún Tinna Gunnarsdóttir	62.570.895	5,3%
Ónýtt og ógild	0	0,0%
Samtals	1.170.755.680	100,0%

Lýsti fundarstjóri því þau Edda Blumenstein, Guðjón Auðunsson, Guðjón Reynisson, Hjörleif Pálsson og Sigurlína Ingvarsdóttur rétt kjörin í stjórn Festi hf. til næsta aðalfundar. Óskaði fundarstjóri þeim til hamingju með kjörið.

7. Tillaga um staðfestingu á skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Halla Thoroddsen, Inga Björg Hjaltadóttir og Tómas Eiríksson yrðu kjörin í tilnefningarnefnd félagsins. Fór fundarstjóri yfir að frekari tilnefningar til setu í

nefndinni hafi ekki borist innan tilskilins frests, sbr. starfsreglur nefndarinnar. Væru þau því sjálfkjörin til setu í nefndinni.

8. Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Björgólfur Jóhannsson yrði tilnefndur sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd félagsins. Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin upp og var hún samþykkt samhljóða.

9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að Deloitte ehf. yrði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Pétur Hansson endurskoðendur félagsins vegna rekstrarársins 2025.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar vegna komandi starfsárs:

- i. Tillaga um þóknun stjórnarmanna.*
 - Stjórnarformaður fái kr. 920.000 á mánuði
 - Varaformaður stjórnar fái kr. 690.000 á mánuði
 - Aðrir stjórnarmenn fái kr. 460.000 á mánuði
- ii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd.*
 - Formaður fái kr. 140.000 á mánuði
 - Aðrir nefndarmenn fái kr. 75.000 á mánuði
- iii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.*
 - Formaður fái kr. 225.000 á mánuði
 - Aðrir nefndarmenn fái kr. 115.000 á mánuði
- iv. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.*
 - Formaður fái kr. 180.000 á mánuði
 - Aðrir nefndarmenn fái kr. 140.000 á mánuði
- v. Tillaga um þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði.*
 - Formaður fái kr. 105.000 á mánuði
 - Ráðsmaður fái kr. 75.000 á mánuði

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillögur stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar varðandi þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

11. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar varðandi starfskjarastefnu félagsins, þ.e. að hún yrði samþykkt óbreytt frá fyrra ári, og fyrirbyggjandi skjali að baki tillögunni sem hafi verið aðgengilegt hluthöfum frá boðun fundarins. Fór fundarstjóri yfir greinargerð stjórnar að baki tillögunni og gaf orðið að því búnu laust um tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu var borin umræðulaust undir atkvæði hluthafa. Var tillagan samþykkt samhljóða.

12. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

i. Tillaga um breytingu á 9. mgr. 17. gr. samþykhta félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar að breytingu á 9. mgr. 17. gr. samþykhta félagsins. Var farið yfir að lagt væri til að síðari málsliður málgreinarinnar félli á brott og að hún yrði eftirleiðis svohljóðandi:

„Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

ii. Tillaga að nýrri 10. mgr. 17. gr. samþykhta félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar að nýrri 10. mgr. 17. gr. samþykhta félagsins. Gerir tillagan ráð fyrir að málgreinin verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

13. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um kaup á eigin hlutum:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 5. mars 2025 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2026. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða með auknum meirihluta svo sem áskilið er í lögum og samþykktum félagsins.

14. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri gerði grein fyrir að ekki hefðu borist önnur mál löglega upp borin undir þessum dagskrárlið, en gaf orðið laust, ef einhver fundarmanna vildi almennt ræða um málefni félagsins.

Margrét Guðmundsdóttir, fráfari stjórnar, kvaddi sér hljóðs. Fór hún yfir að hún hafi nú lokið störfum í þágu félagsins eftir 14 ára samfellda stjórnarsetu. Rakti Margrét að um mikinn umbreytingatíma hafi verið að ræða þar sem félagið sé allt annað í dag en það hafi verið þegar hún tók sæti í stjórn N1 hf. á árinu 2011. Hafi samruni N1 hf. og Festi hf. verið mikið heillaspor í sögu samstæðunnar. Þakkaði Margrét fyrri stjórn og stjórnendum sem og sitjandi stjórnarmönnum,

forstjóra og framkvæmdastjórum fyrir frábært samstarf sem hafi verið ánægjulegt og lærdómsríkt. Þá óskaði Margrét félaginu velfarnaðar á komandi árum.

Fundarstjóri þakkaði Margréti fyrir erindið.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir dagskrárliðnum.

Fundarstjóri gerði tillögu um að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi var slitið kl. 12.09.

Framangreint staðfestist hér með.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.,
fundarstjóri

Sölvi Davíðsson lrl.,
fundarritari